

— *Brjef landshöfðingja til biskups um uppbot á prestaköllum.* — Samkvæmt tillögum yðar, herra biskup, í brjefi frá 2. þ. m., og með því að enginn hefir sótt um Ása og Þóroddsstaðar prestaköll, skal þeim 300 kr., sem með brjefi mínu frá 19. maí þ. á. voru lagðar þessum prestaköllum með því skilyrði, að þau yrðu veitt fyrir 31. ágúst þ. á. úthlutað þannig:

Sauðlauksdalsprestakalli í Barðastrandarprófastsdæmi . . . . . 100 kr.

Prestsbakka í Strandaprófastsdæmi . . . . . 100 —

og Fellsprestakalli í Skagafjarðarprófastsdæmi . . . . . 100 —

Þetta er tjáð yður, herra biskup, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum.

— *Brjef landshöfðingja til póstmeistarans í Reykjavík um póstávisanir.* — **133**  
Út af brjefi frá yfirstjórn hinna dönsku póst- og telegrafmála vil jeg hjer með leiða **12. sept.**  
athygli yðar, herra póstmeistari að því, að póstávisanir eiga að gefast út til viss tiltekins manns, en alls ekki til umboðsmanns hans («eller ordre»).

— *Brjef landshöfðingja til landlæknis um kennslu yfirsetukvenna.* — **134**  
Í þóknanlegu brjefi frá 10. þ. m. hafið þjer, herra landlæknir lagt það til, að kennari við **16. sept.**  
læknaskólann, Tómas Hallgrímsson, verði settur til að kenna yfirsetukonum og yfirheyra þær, með því að þjer, sökum aldurs yðar sjáið yður ekki fært að gegna þessu með hinum umfangsmiklu kennslustörfum yðar við læknaskólann, og þar sem nefndum kennara hefir í frumvarpi því til fjárlaga um árin 1880 og 1881, er alþingi hefir samþykkt, verið veitt launabót með því skilyrði, að hann tæki tjeða kennslu að sjer.

Fyrir þessa sök skal yður tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir Tómasi kennara Hallgrímssyni, að hann hjer með er settur til fyrst um sinn að gegna þeim kennslu- og prófstörfum með tilliti til yfirsetukvenna, sem 5. gr. yfirsetukvennalaga 17. des. 1875 gerir ráð fyrir, að landlæknirinn hafi á hendi.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um björgunarsamninga.* — **135**  
Skjöl þau, er fylgdu þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, frá 12. oktbr. f. á. lút- **17. sept.**  
andi að strandi enska fiskiskipsins Thomasar frá Grímsby, sendi ráðgjafinn fyrir Ísland utanríkisráðgjafanum og æskti þess, að nauðsynleg ráðstöfun yrði gjörð til þess, að fá upphæð þá endurborgaða, sem landssjóður Íslands hafði lagt út fyrirfram vegna strands þessa, að upphæð 174 kr. 80 aurar, og skyldi leita endurborgunar hjá útgjörðarmönnum skipsins eða öðrum hlutaðeigöndum. Í annan stað var skírskotað til ummæla yðar í ofan nefndu brjefi, lútandi að 2 reikningum, sem hlutaðeigandi sýslumaður ekki hafði borgað fyrir fæði á hinum færeysku fiskiskútum Gauntlet og Fox handa nokkrum af skipbrotsmönnum, og var því skotið til utanríkisráðgjafans, hvort hann kynni að finna ástæðu til meðfram að blutast til um, að upphæð þessara reikninga yrði einnig endurborguð, alls 51 kr. Síðan hefi jeg meðtekið frá tjeðum ráðgjafa hjálagt eptirrit eptir brjefi, sem sýnir, að Bretastjórn hefir greitt þann hluta upphæðarinnar 131 kr. 50 a., sem er styrkur veittur þeim, sem voru á hinu brotna skipi, þar sem hún aptur á móti með tilliti til bjarglaunanna að svo miklu leyti, sem þau eru meiri, en fengizt hefir upp úr því, sem bjarg-

**135** að var, að upphæð 94 kr. 30a., hefir vísað til skipseigandanna, en þeir hafa ekki svarað  
17. sept. neinu upp á erindi það, sem «board of trade» beindi að þeim í þessa stefnu.

Ráðgjafinn hefir út af þessu hlutazt til þess, að 80 kr. 50 a., er samkvæmt skýrslu utanríkisráðgjafans er sá hluti, sem hinum íslenska landssjóði ber af hinni endurgoldnu upphæð, verði greiddar í aðalríkisjóðinn sem tekjur fyrir jarðabókarsjóð Íslands.

Jafnframt því að skýra yður, herra landshöfðingi, frá hinu framantalda til þóknanlegrar leiðbeiningar, virðist ráðgjafanum ástæða til, eptir því sem fram er komið, að leiða athygli yðar að því, að þegar haft er tillit til þeirra örðugleika, sem eru því samfara að fá útgjörðarmenn, farmseigendur eða aðra hlutaðeigendur, til að endurgjalda landssjóði þá upphæð, sem bjarglaunin fyrir vörur af skipum þeim, sem brotna við strendur Íslands, kynnu að verða meiri, en uppboðsverði varanna svarar, mun það vera hollast fyrir landssjóðinn, að samningur um björgun skips og vara, þegar svo stendur á, að ekki verður sjeð með vissu, að verðupphæð vara og skips vinnist til lúkningar á bjarglaununum, sje gjörður á þann hátt, sem til er tekið í lögum um skipaströnd frá 14. janúar 1876 § 7. síðara kaffla, og borgun sje ekki ákveðin í daglaunum, heldur takmörkuð, eins og til er tekið í greininni, þannig, að bjarglaunin verði nokkur hluti af verðupphæð hins bjargaða fjár.

**136** — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um*  
19. sept. *borgun aukatekja.* — Eptir að hafa meðtekið álit yðar, herra amtmaður, um erindi sýslumannsins í Norðurmúlasýslu, þar sem hann fer þess á leit, að sjer verði leyft að borga aukatekjur með ávísunum hljóðandi upp á borgun 3 mánuðum eptir sýningu — vil jeg biðja yður að tjá nefndum sýslumanni þetta: Það leiðir af því, að flestöll embættisverk þau, sem aukatekjur eru ákveðnar fyrir, eiga að borgast fyrirfram, að optast getur það eigi komið til tals, að taka innskript eða ávísun frá kaupmanni, sem gilda borgun upp í þessar tekjur. Spurningin virðist, eins og sýslumaðurinn einnig bendir á, að eins að geta komið fram við skipti á búum, sem ekkert uppboð er haldið í, en annaðhvort eru afhent (extraderuð) erfingjum eða skuldheimtumönnum ellegar skipt eptir virðingu. Það virðist nú, þegar svo er ástatt, ekki geta verið neinum örðugleikum bundið á þeim skiptafundi, þar sem gjört verður út um það, hvort uppboð eigi að fara fram í búinu eða ekki, að ætla á, hvað skiptakostnaður og erfðagjald í búinu muni verða, og aðvara hlutaðeigendur um, að útvega tímanlega sje það, sem með þarf í þessi gjöld, en skyldi í einstökum tilfellum ekki verða mögulegt að láta hlutaðeigandi erfingja eða skuldheimtumenn fá mátulegan frest til að útvega peningana, get jeg ekki sjeð neitt verulegt því til fyrirstöðu, að tekin yrði sem gild borgun innskript hjá áreiðanlegum kaupmanni og 3 mánaða ávísun.

**137** — *Agrip af brjefi landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um*  
20. sept. *styrk til landbúnaðarnáms.* — Samkvæmt tillögum amtsráðs suðurumdæmisins var af fje því, er með fjárlögum fyrir 1878 og 1879 var veitt til eflingar landbúnaði og sjávarútvegi, veittur Birni Bjarnarsyni frá Vatnshorni 200 kr. styrkur til að halda áfram námi sínu við landbúnaðarskólann á Stend og með þeim skilyrðum, að hann á eptir starfi að jarðabótum í suðurumdæminu, og að hann sjerstaklega búi sig undir að geta sagt fyrir um framkvæmdir til að stemma stigu fyrir sandfoki,